

greidd einhver þóknun fyrir ómak sitt, hefur sú venja myndast, að minnsta kosti í suðuramntinu og vesturamntinu, að greiða fyrir endurbólusetningu helming þeirrar borgunar, sem eftir ofanefndu konungsbrjefi frá 1830 á að greiðast fyrir bólusetningu í fyrsta sinn, en þaræð bólan kemur miklu sjaldnar út á þeim, sem eru endurbólusettir, og ómakslaunin fyrir endurbólusetninguna þessvegna opt mundu verða næsta lítil, ef þessi lága borgun væri bundin því skilyrði, að bólan kæmi út, hefur að vísu stundum verið veitt borgun fyrir endurbólusetningu, án tillits til þess, hvort bólan hefur komið út eða ekki, en hitt sýnist þó vera hið eðlilegasta í sjálfu sjer, að skilyrðið fyrir borguninni sje hið sama, hvort sem er að ræða um endurbólusetningu eða bólusetningu í fyrsta sinn.

Jeg finn því eftir atvikum ekki næga ástæðu til að breyta hinum ofan umgetna úrskurði yðar, og skal jeg þjónustusamlega skora á yður að tilkynna kærandanum þessi úrslit málsins.

Brjef landshöfðingja til landlæknisins um heimild smáskamtalækna til lyfjaverzlunar. — Í þóknanlegu brjefi, dags. 20. p. m., hafið þjer, herra landlæknir, eftir beiðni hjeraðslæknisins í 9. læknishjæraði, gjört fyrirspurn til mín um það, hvort skottulæknar, er nefna sig smáskamtalækna, hafi heimild til að reka nokkra lyfjaverzlun á Íslandi. 81 21. júní.

Útaf þessu læt jeg ekki hjálða að gefa yður til vitundar, að eins og yður mun vera kunnugt hafa apotekararnir einkaleyfi til meðalaverzlunar, og að það er vitaskuld, að skottulæknar ekki hafa heimild til að brjóta á móti þessu einkaleyfi, þótt þeir kalli sig smáskamtalækna.

Brjef landshöfðingja til sjslumannsins í Skagafjarðarsýslu um hallærislán. — Með þessu brjefi veitti landshöfðingi Skagafjarðarsýslu 1000 kr. lán úr viðlagasjóði til að afstýra hallæri í sýslunni, en amtsráðið hafði áður veitt samþykki sitt til lántöku þessarar. 83 25. júní.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturamntinu um lán handa Strandasýslu til að kaupa fyrir bjargræðisgripi. — Með þessu brjefi veitti landshöfðingi Strandasýslu 6000 kr. lán úr viðlagasjóði til að kaupa fyrir bjargræðisgripi handa purfandi sýslubúum, en amtsráðið í vesturamntinu hafði á fundi sínum 18. og 19. júní samþykkt lántöku þessa. 84 2. júlí.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramntinu um meðferð á eptirskildum fjármunum stökumanns. — Í þóknanlegu brjefi frá 6. febr. p. á., hafið þjer, herra amtmaður, í tilefni af hvarfi Hjartar nokkurs Jónssonar úr Saurbæjarhreppi í Eyjafjarðarsýslu, borið upp þá fyrirspurn, hvernig framvegis skuli farið með þær eignir þessa manns, sem hann hefur skilið eftir, og hvort nokkuð geti verið því til fyrirstöðu, að farið verði í þessu tilfelli eftir 6. og 7. gr. í tilsk. 11. sept. 1839, þótt lagaboð þetta sje eigi lögleitt á Íslandi. 85 8. júlí.